



Alþingi  
Erindi nr. P 140/1898  
komudagur 20.4.2012

Nefndasvið Alþingis  
nefndasvid@althingi.is  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Stykkishólmi, 20. apríl 2012  
nr. erindis 1204021 GS

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða (heidlarlög) 657. mál

Bæjarráð Stykkishólms hélt fund miðvikudaginn 19. apríl sl. Á fundinum var eftirfarandi umsögn samþykkt:


*Við undirrituð mótmælum þeim áformum í frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða er varða niðurskurð skeljabóta og niðurfellingu á næstu þremur árum. Skeljabætur og byggðakvóti hafa verið uppistaðan í útgerð og vinnslu í Stykkishólmi allt frá því skeljastofninn hrundi árið 2003 vegna sýkingar. Þegar skelkvóti var settur á var útgerðum gert að skila inn þriðjungi af botnfiskkvóta sínum í skiptum fyrir skelkvóta á viðkomandi skipi.*

*Handhafar skelkvótans hér eru allir þeir sömu og voru þegar skelbannið tók gildi og reka nú í Stykkishólmi saltfiskvinnslur, en sökum lítils kvóta einungis á hálfum afköstum. Skelbætur hafa ávallt verið veiddar og unnar í Stykkishólmi og aldrei hefur komið til greina að leigja þær. Skelvinnslu var sjálfhætt við skelveiðibannið og hefur það aukið ennfrekar á vandann í Stykkishólmi. Því þykir okkur sanngjarnt að þessar útgerðir fái þessar bætur áfram á sama hátt og aðrar útgerðir fá 20 ár til aðlögunar. Verði þessu ákvæði ekki breytt leggst stór hluti útgerðar og vinnslu af í Stykkishólmi. Afnáam föstu bótanna er því grafalvarlegt mál fyrir atvinnulíf í Stykkishólmi.*

Berglind Axelsdóttir  
Davíð Sveinsson  
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

  
Gyða Steinsdóttir,  
bæjarstjóri.